

BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við árskort eldri borgara - MSS24060119

Lagt er til að borgarráð samþykki að árskort í sund fyrir eldri borgara í Reykjavík kosti 500 krónur í stað 4000 króna í ljósi þess að eldri borgarar eigi jafnvel eftir að þurfa að kaupa slíkt kort í allt að 6 sveitarfélögum.

Greinargerð:

Fyrirhuguð gjaldtaka fyrir eldri borgara í sundlaugum Reykjavíkur verður gerð í þeim tilgangi að hirða gjald frá eldri ferðamönnum og virðist sem Reykjavíkurborg, meirihluti hans meti það svo að eina leiðin til að geta rukkað eldri ferðamenn sé að selja íslenskum eldri borgurum árskort. Árskortid á að kosta 4000 krónur og telur fulltrúi Flokks fólksins sama tilgangi náð kosti kortid 1000 krónur eða jafnvel 500 krónur. Það er mikilvægt að árskortid kosti íslenska eldri borgara sem allra minnst því þeir eiga eftir að kaupa e.t.v. nokkur slík árskort því að á höfuðborgarsvæðinu eru sex sveitarfélög og ákveði hin sveitarfélögin að fara í sömu vegferð og Reykjavíkurborg hyggst gera þá getur upphæðin safnast upp. Sund er lýðheilsumál og það er nauðsynlegt að eldri borgarar stundi þessa líkamsrækt og þetta er líka samfélagslega hagkvæmt. Auðvitað er það sérstakt að allt í einu núna láti meirihlutinn til skara skriða. Vegir þessa meirihluta eru órannsakanlegir. Ferðamenn á öllum aldri hafa verið hér tugi ára og það er ekki búið að rukka þá í öll þessi ár. Félag eldri borgara óttast að nú eigi eldra fólk að kaupa árskort í sex sveitarfélögum til þess að geta stundað sund. Þessar áhyggjur eru sannarlega ekki úr lausu lofti gripnar að mati fulltrúa Flokks fólksins.